

LIFEYRISRÁÐSTEFNA ASI  
25.MARS 1985

HRAFN MAGNÚSSON

STARFSEMI LIFEYRISJÓÐA, RÉTTINDI OG VERKEFNI.

Ef almenningur væri spurður af því, hvað hefði gerst markvert hér innanlands fyrir tæplega 16 árum eða þann 19.mai 1969, væri eflaust fát um svör hjá flestum. Slikt er að sjálfsögðu skiljanlegt, því liðnir atburðir falla oft í gleymsku, svo ekki sé minnst á dagsetningar og ártöl. Á tímum hrada og spennu skynja menn fortíðina með öðrum hætti en forfedur okkar, afar og ömmur, sem lifðu á þeim tíma, sem nútíðin var í senn fortíð og framtíð.

19.mai 1969 tókust samningar milli aðila vinnumarkaðarins. Samið var um vinnufríð í eitt ár, vísitalan var aftur tengd kaupgjaldi að nokkru, og kaupgjald hækkaði um heilar 12 kr. á tímunn. Þrátt fyrir þessi ákvæði samkomulagsins, sem voru í senn mikilvæg og áridandi fyrir launþega, skipti þó sköpum það ákvæði samningsins, sem fjallaði um stofnun lífeyrissjóða á félagsgrundvelli, sem skyldu hefja starfrækslu 1.janúar 1970. Með þessum merka kjarasamningi tóks loks að koma á almennri þátttöku launþega að lífeyrissjóðum. Í tengslum við samkomulagið gaf ríkisstjórnin síðan fyrirheit um að hópur eldri félaga verkalyðsfélaganna skyldi fá réttindi umfram það, sem idggjaldagreiðslutími í lífeyrissjóð gat veitt tilefni til. Er hér átt við lögin um eftirlaun til aldradra félaga í stéttarfélögum, sem sett voru árið 1970.

Í dag blandast fáum hugur um, að kjarasamningur aðila vinnumarkaðarins olli verulegum straumhvörfum í lífeyrismálum þjóðarinnar. Fyrir samningana voru að visu til fjölmargir lífeyrissjóðir en um almenna þátttöku verkafólks að lífeyrissjóðum var ekki að ræða.

Með stofnun almennu lífeyrissjóðanna urðu verulegar breytingar á bótaákvæðum og samskiptamálum sjóðanna. Rétt þykir að fara nokkrum orðum að þessum tveimur veigamiklu breytingum, sem svo sannanlega mörkuðu spor að samfelldu lífeyriskerfi þjóðarinnar.

Lengi vel mótudust bótaákvæði lífeyrissjóða af því, að sjófélagar voru fastlaunamenn og tilgangur sjóðanna sá að tryggja slíkum mönnum lífeyrisréttindi að því tilskildu, að þeir gegndu stöðu sinni eða starfi til langframa. Oft var 10 ára fast starf skilyrði fyrir bótarétti. Með stofnun almennu lífeyrissjóðanna fór hins vegar í vaxandi mæli að gæta bótaákvæða, sem hentað gátu mönnum án tillits til, hvernig ráðningarkjörom eða launagreiðslum var háttáð. Jafnframt var farið að slaka á um skilyrði, sem uppfylla varð til þess, að lífeyrisréttur stofnadist.

Eins og kunnugt er, tíðkast sú skipting gjarnan að flokka lífeyrissjóðina í tvo meginflokkka. Annars vegar er um að ræða sameignarsjóði með stigakerfi og hins vegar sameignarsjóði án stigakerfis. Séreignarsjóðum er hér sleppt, enda er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpsdrögum um starfsemi lífeyrissjóða, að séreignarsjóðir starfi í óbreyttri mynd sem skyldusjóðir.

Ef lítið er til lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands, þúa þeir flestir í dag við sambærileg bótaákvæði, undanskyldir eru þó lífeyrissjóðir fyrirtækja, sem voru starfráttir fyrir 19. maí 1969. Um er að ræða svokallaða sameignarsjóði með stigakerfi sem grundvöll lífeyrisréttinda.

Helstu kostir stigakerfis eru þeir, að misræmi í réttindum myndast ekki, þótt innan sama lífeyrissjóðs séu menn, sem ymist hafa jafnar tekjur yfir ævina, stöðugt hækkandi tekjur eða tekjur, sem verða hæstar um miðbik starfsævinnar, en fara lækkandi síðustu starfsárin.

Í sameignarsjóði getur verið mikill munur á þeim fjárhæðum, sem sjóðfélagi hefur greitt í sjóðinn og þess, sem hann, maki hans og börn fá síðan greitt í lífeyri. Bótaréttur fer m.a. eftir fjölskylduadstæðum, hve lengi starfsorka og aldur endist viðkomandi sjóðfélaga, svo og eftir ídggjöldum og ídggjaldgreiðslutíma.

Ég hef gerst helst til langorður um sameignarsjóði með stigakerfi. Ástæðan er m.a. þessi: Af 18 stærstu lífeyrissjóðum í landinu, sem hafa á bak við sig um 75% af eignum allra sjóðanna, eru 15 sameignarsjóðir með stigakerfi. Af þeim þremur sjóðum, sem fylla flokk 18 stærstu sjóðanna, hefur einn þeirra, Lífeyrissjóður S.Í.S. gefið fyrirheit um, að greiða ekki lakari lífeyri, en almennu lífeyrissjóðirnir, á meðan reglugerð sjóðsins er í endurskoðun, en hjá Lsj. S.Í.S. er einmitt fyrirhugað að taka upp á næstunni stigagrundvöll við mat á lífeyrisréttindum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er því ljóst að í öllum meginatriðum hafa lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambands Íslands sniðið reglugerðir sínar í átt til samræmingar og einföldunar.

Hvað varðar hitt meginatriðið, þ.e.a.s. samskiptamál lífeyrissjóðanna, þá hafa ennfremur á undanförunum árum orðið verulegar breytingar í samskiptum sjóða í milli. Við stofnun Sambands almennra lífeyrissjóða viku þeir sjóðir, er að sambandinu stóðu, í grundvallaratriðum frá þeim reglum, sem áður höfðu gilt í samskiptum sjóða. Höfuðatriði samskiptareglna SAL voru þau, að með tilliti til lífeyrisréttinda skyldu sjóðfélagar aðildarsjóða sambandsins geta lítið á þá sem einn sjóð, og flutningur réttinda milli þeirra skyldu einungis eiga sér stað í undantekningartilvikum og þá fyrst, er til greiðslu lífeyris kæmi.

Meðan lífeyrissjóðir voru fáir og tóku einungis til embættismanna og fastra starfsmanna var lítið um samskipti og lítil þörf talin vera fyrir reglur um réttindaflutning milli sjóða. Þá mun það

sjónarmid einnig hafa verið ríkjandi, að lífeyrisréttindi væru ætluð þeim, sem kysu að hverfa að öðrum störfum, áður en kæmi að töku ellilífeyris. Er þátttaka að lífeyrissjóðum varð almennari, var farið að setja í lög og reglugerðir lífeyrissjóðanna heimildarákvæði um réttindaflutninga.

Eftir því sem félögum lífeyrissjóða fjölgaði og algengara varð að launþegar í árstíðarbundnum störfum öðludust aðildar að þeim, varð flutningur réttinda sífellt veigameiri þáttur í starfsemi þeirra. Auk þess hafði verðbólga undanfarandi áratuga stórkostlegt misræmi milli þeirra skuldbindinga, sem lífeyrissjóðirnir töku á sig, þegar þeir veittu flutningi réttinda viðtöku og þeirra fjáhæða, sem þeir fengu greiddar samkvæmt gildandi reglum og venjum.

Með samskiptareglum Sambands almennra lífeyrissjóða urðu, eins og áður segir, verulegar breytingar til einföldunar á samskiptamálum aðildarsjóðanna. Árið 1980 hófust viðræður milli lífeyrissjóðasambandanna tveggja, þ.e., Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða. Í þessum viðræðum töku auk þess þátt fulltrúar frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Eftirlaunasjóði Landsbankans og Sedlabankans. Viðræður þessar leiddu til viðtaks samkomulags um samskiptamál lífeyrissjóða, sem í öllum meginatriðum var sníðid eftir samskiptareglum almennu lífeyrissjóðanna. Nú þegar hafa tæplega 50 lífeyrissjódir undirritað samkomulagið og þar af nær allir lífeyrissjódir á samningssviði Alþýðusambands Íslands.

Meginþáttir samkomulagsins eru þeir, að sjóðirnir gefa fyrirheit um niðurfellingu biðtímaákvæða til töku lífeyris og að við mat á lífeyrisréttindum skuli tekið tillit til idgjaldaeigna í öðrum lífeyrissjóðum, sem veita mundu lífeyrisrétt. Þá er enn fremur settar nákvæmar reglur til að koma í veg fyrir niðurfellingu lífeyrisréttar hjá sjóðum, sem framreikna réttindi í maka- og örorkulífeyristilvikum og í gildi eru sérstök ákvæði um flutning lágmarksréttinda milli sjóða, þegar kemur að bótaréttinum.

Sérstök ástæða er til að fagna auknu samstarfi lífeyrissjóða, hvort sem um er að ræða innbyrðis samskiptamál sjóðanna eða samræming á bótaákvæðum í reglugerðum þeirra.

Fram að árinu 1970 voru til í landinu fjölmargir lífeyrissjódir með mismunandi sníði, tengsl milli þeirra voru laus og bótaákvæði margvísleg. Veruleg hættu var á því að sjóðfélagi glataði stórkostlega lífeyrisréttindum sínum með því að skipta um starf eða flytja milli byggðarlaga.

Með almennri þátttöku verkafólks að lífeyrissjóðum og síaukinni samvinnu sjóða í milli hefur hins vegar átt sér stað veruleg breyting til batnaðar. Aukid samráð og samhæfing kallar hins vegar á ábyrgja stjórn sjóðanna, þar sem fullt tillit ert tekið til hagsmuna heildarinnar.

Rétt þykir að fara nokkrum ordum um lögin um eftirlaun til aldradra og áfanga, sem nádst hafa á síðustu árum í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Eins og áður er getið, gaf

ríkisstjórnin fyrirheit í tengslum við kjarasamningana, 19.maí 1969, um lagasetningu vegna réttinda eldri félaga í verkalyðsfélagunum, nánar tiltekið til þeirra launþegar, sem fæddir eru 1914 eða fyrr. Fram til ársins 1979 náðu lögin einungis til aldradra félaga í stéttarfélögum, en þá var sú breyting gerð á lögunum, að þau ná nú til allra starfandi manna, án tillits til þess, hvort þeir hafi átt aðild að verkalyðsfélagi, samkvæmt skilningi laga um atvinnuleyistryggingar eða ekki. Eins og kunnugt er, áttu lögin um eftirlaun til aldradra að falla úr gildi um síðustu áramót, en þau hafa nú verið framlengd til ársloka 1989. Lögin hafa tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum til hagsbóta fyrir lífeyrisþega, og þá vegna fyrirheita stjórnvalda, sem gefin hafa verið í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Fullyrða má að með setningu laganna um efirlaun til aldradra hafi verið stigið mikið gæfuspor til hagsbóta fyrir eldri félagsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Lífeyrissjóðirnir hafa að vísu á undanförunum árum tekið á sig mikla fjárhagslega ábyrgð vegna ákvæða laganna, sem enn í dag setur sitt mark á getu þeirra til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar í framtíðinni og er þó varla ábætandi m.v. núverandi stöðu þeirra og reiknigrundvöll. Gagnvart slíkum staðreyndum ber þó að minnast þess, að starfandi fólk í dag á skuld að gjalda þeirri kynslóð, sem lokið hefur ævistarfi sínu. Þá skuld verður að gjalda með einum eða öðrum hætti.

Vardandi áfanga, sem náðst hafa á allra síðustu árum í tengslum við kjarasamninga, vil ég aðeins fara fáeinum orðum um samningana 28.febrúar 1976. Þeir kjarasamningar lögðu grundvöll að starfsemi lífeyrisnefndanna tveggja, sem starfað hafa allar götur síðan. Í samningnum var kveðið á um endurskipulagningu lífeyriskerfisins og úrlausnir til bráðabirgða. Markmið endurskipulagningarinnar var og er m.a. að koma á samfelldu lífeyriskerfi, sem taki helst til allra landsmanna og að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, sem fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma. Í upphafi var að því stefnt að nyskipan lífeyriskerfisins tæki gildi 1.janúar 1978. Ljóst var fljótlega að sú tímasetning gat ekki staðist og því hefur á undanförunum árum verið ákvæði í kjarasamningum um framlengingu núverandi bráðabirgðarárstafana um verðtryggingu lífeyris. Þrátt fyrir sífeldar framlengingar á tímabrestum vegna heildarendurskoðunarinnar er langt frá því að fullyrða megi, að ekkert hafi gert í lífeyrismálum þjóðarinnar á allra síðustu árum. Þvert á móti hafa lífeyrismálin verið á samningabordi aðila vinnumarkaðarins í nær öllum kjarasamningum allar götur frá árinu 1976 og ymsir áfangar náðst í átt að samfelldu lífeyriskerfi landsmanna. Auk ákvæða í reglugerðum lífeyrissjóða um greiðslu verðtryggðs lífeyris, ber enn fremur að vekja athygli á fernum lögum, sem Alþingi hefur samþykkt og beinlínis má rekja til ákvæða í kjarasamningum ALþýðusambands Íslands við vinnuveitendur. Er hér hátt við lögin um eftirlaun til aldradra, lögin um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lögin um skráningu lífeyrisréttinda og lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda

Yfirskrift inngangserindi míns er "Starfsemi lífeyrissjóða,

réttindi og verkefni". Í upphafi framsögu minnar gat ég um ákvæði kjarasamningsins frá 19.mai 1969, þar sem fjallad var um stofnun almennra lífeyrissjóða á félagsgrundvelli. Ég hef lagt áherslu á, að sá samningur olli verulegum straumhvörfum í þróun lífeyrismála okkar Íslendinga. Þróun í átt til samræmds bótaréttar lífeyrissjóða innan Alþýðusambands Íslands hefur frá þeim tíma orðið veruleg og greinileg öllum landsmönnum. Enn í dag búum við þó við of flókið lífeyriskerfi og við of marga lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðum hefur þó á undanförunum árum farið frekar fækkandi og innbyrdis samskipti þeirra hafa aukist og færst í réttan farveg.

Nú, þegar kemur að verulegri stefnumörkun Alþýðusambands Íslands í lífeyrismálum, ber þó að hafa í huga að helsta og eina hlutverk lífeyrissjóðanna er að tryggja sjódfélögum, eftirlátum mökum þeirra og börnum lífeyri. Til þess að svo megi verða í nánustu framtíð, er mjög mikilvægt að reiknigrundvöllur lífeyrissjóðanna sé með þeim hætti, að þeir geti stadið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Þá er ekki síður mikilvægt að bótarétturinn taki mið að breytttri þjódfélagsgerð og lengri lífaldri. Aldursskipting þjóðarinnar er enn langtum hagstæðari hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Slíkt forskot gefur tilefni til að vera bjartsynn að við getum unnið okkur út úr vandanum. Til þess að svo megi verða er þó nauðsynlegt að þjóðin öll sameinist að að koma á heilbrigðu samfelldu lífeyriskerfi. Það hefur aldrei verið einkenni okkar Íslendinga að geta gert langtímaáætlanir. Hlutskipti þjóðarinnar virðist vera að karpa um nútíðina með hlidsjón af reynslu fortíðarinnar. Ef árangur þessarar ráðstefnu Alþýðusambands Íslands getur verið að marka skynsamlega stefnu í lífeyrismálum næstu áratugina, er að vissu leyti brotið blað í sögu íslensku þjóðarinnar.

Ég óska lífeyrisráðstefnu Alþýðusambands Íslands alls hins besta í störfum sínum.